

Háskólaráðsfundur 12. maí 2016 kl. 16:00 haldinn að Skeiðvöllum í Landssveit

Mættir: Erla B. Örnólfsdóttir, Jón Eðvald Friðriksson, Sveinn Ragnarsson, Sævar Skaptason, Katrín Sigurðardóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. Jónína Lilja Pálmadóttir var fjarverandi.

Erla Björk setti fund og bauð nýtt háskólaráð velkomid og bar upp dagskrá fundarins til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Áður en gengið var til formlegrar dagskrár útskýrði Erla hvernig háskólaráð er samansett.

Dagskrá:

1) Kynning á starfi Háskólans á Hólum, hlutverki og stefnu. Rektor fór yfir glærुकynningu og kynnti skólann.

Rætt um áskoranir í rekstrarumhverfi háskólanna. Erla lagði áherslu á að í aðdraganda kosninga þyrfti að nýta hvert tækifæri til þess að ræða málefni Háskólans á Hólum við stjórnámálmenn. Rætt hvort nýta mætti Landsmót íslenska hestsins til þess að styrkja ímynd háskólans. Í því sambandi var rætt um mikilvægi þess að sýn og stefna skólans verði sett fram á skýran hátt. Ræddir voru ýmsir möguleikar á auknum tengslum skólans inn í nærsamfélagið en eins á landsvísu.

2) Rekstrarstaðan fyrir árið 2016.

Miklar breytingar eru nú í fjárreiðum ríkisins og fjárlagaramminn er til fimm ára. Skólinn þarf nú að skila inn rekstraráætlun til þriggja ára. Áætlun þessa árs er knöpp.

3) Önnur mál. Stefnt er að næsta fundi í byrjun ágúst áður en skólastarf hefst.

Fundi slitið kl. 18:00. Guðrún Þóra ritaði fundargerð.